

Samstarfssamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands, kt. 650309-0220, (Sjúkratrygginga) og Félags sjúkraþjálfara, kt. 420113-0480, (FS) um skipan og hlutverk samstarfsnefndar, eins og mælt er fyrir um í samningi sömu aðila um þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara, dags. 21. maí 2024. Samstarfssamningur þessi er fylgiskjal I með þeim samningi.

Samstarfsnefnd

Aðilar skulu skipa fjögurra manna samstarfsnefnd sem sinnir þeim verkefnum sem tilgreind eru í samningi þessum. Hvor aðili um sig tilnefnir tvo aðila í nefndina. Samstarfsnefndin er vettvangur samstarfs um samninga aðila og framtíðarsýn varðandi skipulag þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara. Sjúkratryggingar leggja nefndinni til starfsmann.

Samstarfsnefnd getur skipað sérstaka starfshópa til að vinna að einstökum verkefnum.

Til þess að ákvarðanir samstarfsnefndar verði bindandi þarf einróma samþykki nefndarmanna. Ágreiningsmálum er unnt að vísa til samninganefnda FS og Sjúkratrygginga.

Ákvarðanir samstarfsnefndar um breytingar, túlkun eða framkvæmd á samningi þessum, eru bindandi fyrir sjúkraþjálfara sem starfa samkvæmt honum.

Samstarfsnefnd getur sett sér nánari starfsreglur, sem skulu þá birtar á vefsíðu Sjúkratrygginga.

Hlutverk samstarfsnefndar eru eftirfarandi:

1. Að móta viðmið um starfsemi starfsheilda og meta hvort einstakar starfsheildir nái þeim viðmiðum.
2. Að vakta notkun gjaldskrárinnar og endurmeta skilgreiningar ef notkun einstakra gjaldskrárliða vikur frá því gjaldskrárlíkani sem sett var við mótun gjaldskrárinnar.
3. Fara almennt yfir veitingu þjónustu, gjaldskrárnotkun og þróun á nýtingu einstakra gjaldskrárliða. Eftir atvikum er einnig farið yfir gjaldskrárnotkun einstakra sjúkraþjálfara.
4. Taka á því hvernig bregðast skuli við verði veruleg nýliðun sem hafi áhrif á forsendur samningsins um einingafjölda. Með sama hætti skal fjalla um skort á nýliðun.
5. Fjalla um magnstýringu, og forgangs röðun þjónustu.
6. Fjalla um nýtt verklag, t.d. vinnu í þverfaglegum teymum eða þegar aðrir starfsmenn vinna ákveðna verkþætti og skal samstarfsnefnd í því sambandi skilgreina vinnuframlag sjúkraþjálfara og annarra stétta.
7. Útfæra skipulag gæðastarfs.
8. Á samningstíma verði unnið að því að greina og skilgreina ákveðna þjónustuþætti. Samstarfsnefnd leggur faglegt mat á þörf og hagkvæmni heildstæðrar þjónustu, s.s. við hópa, með sérhæfðar þjónustuþarfir sem þurfa á stöðugri umfangsmikilli

- þjónustu að halda eða sveigjanlega þjónustu með aðkomu fleiri fagstétta. Nefndin leggur faglegt mat á þörf og hagkvæmni slíks fyrir þjónustuþega, veitendur þjónustunnar og Sjúkratryggingar.
9. Útbúa í sameiningu skilgreiningar og lýsingar í samræmi við klínískar leiðbeiningar og ábendingar eftir því sem þörf er talin á.
 10. Samstarfsnefnd skilgreini fyrir 31. janúar 2025 hvernig útfæra skuli og innleiða framgangsmat – ICF skv. gjaldskrá samningsins.
 11. Samstarfsnefnd útfærir fyrir lok desember 2024 hvernig senda skal Sjúkratryggingum gögn um ástæðu meðferðar bæði í grunnmeðferð og viðbótarmeðferðar (sjúkdómsgreining sjúkráþjálfara og Physio-kóðar) samanber vinnuskjal upplýsingagjöf til SÍ dags. mars 2024.
 12. Nefndin skal skilgreina frekari umgjörð um veitingu fjarsjúkráþjálfunar.
 13. Veita álit á túlkun samninga og túlkun/framkvæmd einstakra gjaldskrárliða, m.a. í eftirlitsmálum ef ágreiningur rís um þessi atriði.
 14. Taka til umfjöllunar tilvik þar sem vafi leikur á hvort sjúkráþjálfari sé hæfur til að veita þjónustu af viðeigandi gæðum og öryggi. Í slíkum tilfellum getur samstarfsnefnd lagt til að fara skuli fram sérstakt hæfnismat eða lagt til aðra möguleika.
 15. Verði verulegar breytingar á starfsumhverfi sjúkráþjálfara getur hvor aðili um sig óskað eftir að samstarfsnefnd fjalli um málið.
 16. Bregðast við komi í ljós misræmi milli launaforsendna samningsins og raunlaunaþróunar samanburðarstétta, sem og almennra verðlagsbreytinga.
 17. Aðilar geta óskað eftir að eftirlitsmál sem í gangi eru og beinast að starfsemi sjúkráþjálfara verði tekin til umfjöllunar í nefndinni.
 18. Skipuleggja reglulegar kynningar fyrir sjúkráþjálfara um þær reglur sem varða sjúkráþjálfun.
 19. Taka til umfjöllunar beiðnir um að taka verk inn á gjaldskrá.
 20. Á samningstímanum skal samstarfsnefnd fjalla um fyrirkomulag á starfi sjúkráþjálfara sem náð hafa t.d. 70 til 75 ára aldri. Skal í því sambandi metið hvort þeir skuli starfa sem launþegar innan starfsheilda fremur en að eiga sjálfstæða aðild að samningi við Sjúkratryggingar.
 21. Sinna öðrum þeim verkefnum sem samstarfsnefnd er falið samkvæmt einstökum ákvæðum samnings milli Sjúkratrygginga og FS.

Þróunarverkefni

Þarfagreining og almenn forgangsöröðun

Á samningstímanum verði unnið að þarfagreiningu og mótun aðferða við forgangsöröðun þjónustu. Þarfagreining taki til tegunda og umfangs þjónustu, ásamt þjónustustigi að teknu tilliti til þeirrar hliðstæðu þjónustu sem aðrir þjónustuaðilar heilbrigðiskerfisins annast. Sérstaklega verði litið til þjónustuþarfar á landsbygðinni.

Gengið verði út frá því að þjónusta og þjónustustig verði sambærileg við það sem tíðkast í helstu samanburðarlöndum.

Kostnaðargreining

Á samningstímanum koma aðilar sér saman um framkvæmd, tímaramma og aðferðafræði við kostnaðargreiningu. Fenginn verður sérfróður aðili til að vinna greininguna og aðstoða við verkefnið, þar með talið að leggja fram tillögur um sundurliðun ársreikninga og skýringa. Aðilar samningsins munu leggja fram nauðsynleg gögn til hans.

Kostnaðargreiningin verður notuð til endurskoðunar gjaldskráa og einstakra þjónustupáttar eftir því sem við á.

Nýsköpunarverkefni

Á samningstímanum verði unnið að því að auka vægi þróunar- og nýsköpunarverkefna í starfi sjúkráþjálfara. Tekinn verði frá viss fjöldi eininga sem nýta má í nýsköpunarverkefni samkvæmt nánara samkomulagi. Verkefni af þessu tagi geta meðal annars falið í sér nýja meðferð, þróun stafrænna lausna, nýtingu meðferðaráætlana vegna samfelldrar meðferðar og þverfaglega teymisvinnu.

Á samningstímanum skal unnið sérstaklega að eflingu þjónustu og stafrænna lausna og stafrænnar miðlunar upplýsinga til notenda.

Á samningstímanum skal unnið að því að koma á skipulegri upplýsingagjöf Sjúkratrygginga til sjúkráþjálfara og notenda. Meðal annars skal stefnt að miðlun upplýsinga um samsetningu þjónustu og kostnað ásamt samanburði við sambærilega þjónustuveitendur.

Þróun nýrra greiðsluaðferða

Á samningstímanum verði skoðaðir kostir þess að nýta fjölbreyttari greiðsluaðferðir með hliðsjón af kostnaðargreiningu og horfa til þess að greitt verði fyrir einstaka þjónustupátti með eftirfarandi hætti eftir eðli þjónustunnar:

- Greiðslur fyrir þjónustu eins og verið hefur.
- Greiðslur á grundvelli meðferðarþarfa fyrir einstakling í samfelldri meðferð í ákveðinn tíma.

Jafnframt verði skoðaðir kostir þess að nýta samsetta fjármögnun sem byggir bæði á föstum og breytilegum greiðslum. Einnig verði skoðaðir möguleikar á því að innleiða viðbótargreiðslur á grundvelli markmiða um aukna samvinnu, gæði og árangur.

Kostnaður vegna samstarfs- og þróunarverkefna

Tryggð verði framlög vegna kostnaðar við samstarfs- og þróunarverkefni samkomulagsins. Í tengslum við gerð samkomulagsins vinna Sjúkratryggingar kostnaðaráætlun vegna þessara verkefna.

Aðilar geta samið um greiðslur vegna sérstakra verkefna sem félagar FS taka að sér að frumkvæði samstarfsnefndar.

Endurskoðun einstakra ákvæða

Einstakir þættir samstarfssamningsins og tengdra samninga (samnings og þjónustusamninga) verða endurskoðaðir á samningstímanum:

- Viðmið um starfsemi starfsheilda skulu sett eigi síðar en fyrir árslok 2024.
- Kröfur til gæðastarfs skulu sett eigi síðar en fyrir árslok 2025.
- Ákvæði um magn og tegundir þjónustu verða sett á grundvelli þarfagreiningar eigi síðar en fyrir árslok 2027. Ákvæði um magnstýringu verði endurskoðuð þegar þarfagreining liggur fyrir.
- Ný samningsform og nýjar greiðsluaðferðir verða innleiddar í áföngum samkvæmt nánara samkomulagi.

Samningur þessi gildir frá og með undirritunardegi og skal hafa sama gildistíma og samningur Sjúkratrygginga og FS sem vísað hefur verið til hér að framan.

Reykjavík, 21. maí 2024

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti.